

Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/1251
komudagur 15.3.2010

Reykjavík 11. mars 2010
Tilvísun FLE 11-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386 mál.

Með tölvupósti dags. 2. mars s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
b.t. Nefndarsviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi 138/1250
Erindi nr. P 138/1250
komudagur 15.3.2010

12. mars 2010
Tilvísun: 2010030010


Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386. mál.


Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar 2. mars 2010 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og í ljósi þess að efnisatriði frumvarpsins eiga ekki undir starfsemi þess hefur það ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Guðmundur Jónsson


Helga Rut Eysteinsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 138. löggjafarþing, þskj. 694 - 386. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði þremur nýjum málsgreinum við 113. gr. laga um tekjuskatt. Helstu efnisatriði málsgreinanna eru að heimilt verði að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laganna beinist að, til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar, ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Lagt er til að tollstjóri annist rekstur þessara mála. Athugasemdir laganefndar LMFÍ við frumvarpið eru eftirfarandi:

Við lagasetningu eins og hér er lögð til vegast á mismunandi sjónarmið. Annars vegar eru sjónarmið í þá átt að fyrirbyggja verði aðilar, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, geti komið eignum sínum undan fullnustu skattkrafna, fésekta og sakarkostnaðar. Þessum sjónarmiðum er haldið hátt á lofti um þessar mundir. Hins vegar eru sjónarmið um réttaröryggi borgara í samskiptum við stjórnvöld. Það er grundvallarregla í réttarríki að hver sá, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, telst saklaus uns sekt hans er sönnuð fyrir dómstóli. Þá felur kyrrsetning í sér alvarlega skerðingu á eignarrétti og þarf því að gæta meðalhófs.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að ákvæðið taki mið af 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Að áliti laganefndar styðst frumvarpið við lögmætt markmið. Efni þess á að hluta samsvörun í 88. gr. laga nr. 88/2008 (sakamálalaga), en að öðru leyti ekki. Laganefnd telur að með einföldum hætti megi bæta réttaröryggi gerðarþola.

Í fyrsta lagi er ekki kveðið á um rétt gerðarþola til að bera lögmæti kyrrsetningar undir dómstóla og eftir hverjum réttarfarsreglum. Kyrrsetning, sem fram fer samkvæmt 88. gr. sakamálalaga, telst til rannsóknaraðgerða lögreglu og er unnt að bera ágreining um lögmæti þeirra undir héraðsdóm, samkvæmt sérreglum laganna (sjá dóm Hæstaréttar í máli nr. 73/2010). Hér er hins vegar lagt til að ákvæðum um kyrrsetningu verði bætt við 113. gr. laga um tekjuskatt, sem er í kafla laganna er ber heitið „Innheimta og ábyrgð“. Laganefnd telur að úr þessu megi bæta, t.d. með viðbótarmálsgrein sem gæti hljóðað svo:

Ágreining um lögmati kyrrsetningar samkvæmt þessari grein má leggja fyrir héraðsdóm samkvæmt XV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í öðru lagi vekur laganefnd athygli að í athugasemdum með frumvarpinu eru færð þau rök fyrir frumvarpinu að rannsóknartími í skattamálum sé langur. Hér að framan er vikið að því að kyrrsetning eigna feli í sér alvarlega skerðingu á eignarrétti. Laganefnd telur brýnt að þess háttar skerðing standi ekki lengur en brýna nauðsyn beri til. Því sé ástæða til að bæta ákvæði í frumvarpið um að hafi kyrrsetning verið gerð skuli hraða meðferð máls eins og nokkur kostur er.


Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl., formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1222
komudagur 11.3.2010

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. mars 2010
Tilvísun: 2010030253BS/--

Persónuvernd vísar til tölvubrúfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 2. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (pskj. 684, 386. mál á 138. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að við 113. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar um heimild til kyrrsetningar eigna hjá skattaðila til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Kyrrsetning sem þessi getur tengst starfssviði Persónuverndar ef kyrrsettar eru eignir sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga. Eðli málsins samkvæmt felur meðferð slíkra mála, sem hér um ræðir, hins vegar iðulega í sér íhlutun í réttindi einstaklinga, þ. á m. réttinn til friðhelgi einkalífs. Eins og umrætt frumvarp er úr garði gert telur Persónuvernd ekki ástæðu til athugasemda við ákvæði frumvarpsins að öðru leyti en því að lagt er til að í stað orðanna „hvers konar upplýsingum og gögnum“ í 2. mál. 2. mgr. þeirrar viðbótar, sem lagt er til í frumvarpinu að bætist við 113. gr. laga nr. 90/2003, standi „öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum“. Um rök fyrir því vísast til umsagnar Persónuverndar frá 13. ágúst 2009 um sambærilegt frumvarp og hér um ræðir, sem lagt var fyrir 137. löggjafarþing (pskj. 320, 166. mál) en var ekki afgreitt. Hjálögð er útprentun af þeirri umsögn.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson

Hjálagt:
Útprintun af umsögn Persónuverndar, dags. 13. ágúst 2009



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt

Málsnúmer: 2009080662

Búið til: 13.08.2009

Skráð af: Þórður Sveinsson

Innkomið skjal

S2GP

Tilkynningar:

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt

Tegund skjals: S2GP

Efnisflokkur skjals: Almenn

Dagsetning skjals: 13.08.2009

Móttakandi

Netfang: gauturs@althingi.is

Texti:

Frá: Þórður Sveinsson/Personuvernd

Dags: 13.08.2009 17:02:46

Til/Frá gauturs@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt

Persónuvernd vísar til tölvubréfs Alþingis sem stofnuninni barst í dag. Í viðhengi með því er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (þskj. 320. 166. mál á 137. löggjafarþingi). Í tölvubréfinu er óskað umsagnar Persónuverndar um frumvarpið.

1.

Ef frumvarpið verður að lögum verður heimilt að krefjast kyrrsetningar eigna (sbr. lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.) vegna tiltekinna mál sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Nánar tiltekið er um að ræða mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laganna. Krafa um kyrrsetningu myndi lúta að eignum skattaðila og annarra þeirra sem grunaðir eru um slíka háttsemi og yrði kyrrsetningin til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í viðkomandi máli.

Ætla má að á meðal eigna, sem heimilt yrði að kyrrsetja, gætu verið gögn með persónuupplýsingum, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það fellur því undir starfssvið Persónuverndar að fjalla um umrætt frumvarp, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laganna.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins myndu ákvæði um framangreint bætast við 103. gr. laga nr. 90/2003. Verði frumvarpið að lögum mun verða tekið fram í 9. mgr. þeirrar greinar (2. mgr. þeirrar viðbótar við þá grein sem lögð er til) að tollstjóri annist rekstur mála vegna slíkrar kyrrsetningar sem hér um ræðir. Honum sé heimill aðgangur að hvers konar upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld,

fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 94. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt 103. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003 segir að öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, sé skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað sé, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem þau beiðast og unnt sé að láta þeim í té. Framangreint ákvæði frumvarpsins um aðgang tollstjóra að upplýsingum lýtur að því að tollstjóri fái heimild sem þessa þegar hann rekur kyrrsetningarmál vegna skattrannsóknarmála slíkra sem hér um ræðir.

2.

Gæta verður þess, þegar stjórnvöldum eru veittar heimildir til öflunar gagna um borgarana án samþykkis þeirra, að fyrir slíkum heimiðum séu brýnar ástæður. Þegar um ræðir persónuupplýsingar verður að huga að 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. þeirrar greinar er mælt fyrir um grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 2. mgr. má ekki rannsaka skjöl og póstsendingar, símtöl og önnur fjarskipti nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Þá segir í 3. mgr. 71. gr. að með sérstakri lagaheimild megi takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Að því marki sem þær upplýsingar, sem frumvarpið litur að, falla undir grunnregluna um friðhelgi einkalífs verður að telja byggt á því frumvarpinu að ákvæði um umræddan aðgang eigi stoð í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Mikilvægt er þegar svigrúm samkvæmt þeim ákvæðum er nýtt að gætt sé meðalhófs. Í ljósi þess leggur Persónuvernd til að í ákvæði um umræddan aðgang tollstjóra verði fyrirvari um nauðsyn gagnaöflunar með sama hætti og í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003. Í stað orðanna "hvers konar upplýsingum og gögnum" í tillögu frumvarpsins að 2. málsl. 9. mgr. 109. gr. laganna gæti þá staðið: "öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum".

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson
lögfræðingur hjá Persónuvernd

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna Persónuvernd samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt.

This electronic message contains information from the Icelandic Data Protection Authority, which may be privileged, confidential or otherwise protected from disclosure. The information is intended to be for the addressee only. If you are not the addressee, any disclosure, copying, distribution or use of the contents of this message is prohibited. If you have received this electronic message in error, please notify us immediately by return e-mail and destroy the original message and all copies. Thank you.

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/ris
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

v.t. Eiríkur Áki Eggertsson

16. mars 2010

Efni: Athugasemdir við þskj. 694 – 386. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðara breytingum (kyrrsetning eigna).

Um 1. gr.

Að mati PwC er sú regla sem hér er lögð til haldin ýmsum annmörkum en þó sérstaklega eftirfarandi:

1. mgr. Heimild til kyrrsetningar hjá aðilum er bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. tekjuskattslaga.

Í tillögunni er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. tekjuskattslaga óháð því hvort rannsókn málsins beinist að þeim aðila. Á þetta meðal annars við um maka þess er rannsókn beinist að, atvinnurekendur erlendra ríkisborgara, erfingjar, þeir sem hafa fjárforræði fyrir ólögráða menn, skilaneftarmenn o.fl. PwC vill benda á að verið er að ganga lengra en í lögum um meðferð sakamála þegar hægt er að kyrrsetja eignir aðila er falla undir 116. gr. tekjuskattslaga þótt rannsókn málsins beinist ekki að þeim.

PwC leggur til heimild til kyrrsetningar eigna aðila skv. 116. gr. tekjuskattslaga sé fellt úr frumvarpinu eða taki aðeins til aðila nákomnum þeim er rannsókn beinist að en nái ekki yfir alla aðila er taldir eru upp í 116.gr. tekjuskattslaga.

2. mgr. Framkvæmd og gildi kyrrsetningar

Í frumvarpinu kemur fram að um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanir. Ljóst er að um mikla fjármuni getur verið að ræða og ekkert í frumvarpinu hvetur til þess að beita meðalhófs við kyrrsetningu. Kyrrsetning eigna getur einnig verið beint að aðilum er bera ábyrgð á greiðslu samkvæmt 116. gr. tekjuskattslaga en eru samt ekki aðilar að rannsókninni. Í ljósi þess að ekki þarf að höfða mál til staðfestingar kyrrsetningu þá er mun mikilvægara að kyrrsetningarheimild lagana sé skýr

og hvetji til meðalhófs. PwC hvetur til þess að það sé betur afmarkað til hversu langs tíma kyrrsetning megi eiga sér stað og að kyrrsetning fjármuna takmarkist við hámarks upphæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers hf.

Bryndís Gunnlaugsd.
Bryndís Gunnlaugsdóttir



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1257
komudagur 15.3.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	15. mars 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 2. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386. mál. Í frumvarpinu er lagt til að í lögum um tekjuskatt verði bætt ákvæðum til að girða fyrir að skattaðilar geti komið sér undan greiðslu opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur annarra.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp enda efni þess mjög í anda tillagna stofnunarinnar í skýrslu um sekt og sakarkostnað frá í júní á síðasta ári. Umrædda skýrslu má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Emundur Arason

Ólafur Þorgeirsson



Alþingi
Erindi nr. P 138/1283
komudagur 17.3.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 15. mars 2010

Tilvísun: 2010030021

50.03

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 90/2003

Ríkislögreglustjóri þakkar efnahags- og skattanefnd fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, 386. mál. Embættið geri ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

 / 
Thelma Cl. Þórðardóttir / Gísli Pálsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/1137
komudagur 8.3.2010

Ríkissaksóknari

Reykjavík 4. mars 2010.

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386. mál.

Engar athugasemdir eru gerðar eða ábendingar settar fram af hálfu ríkissaksóknara vegna téðs frumvarps.

Virðingarfyllt
Valtýr Sigurðsson



DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2010 02-2010030065

T-ums 13/10

*Alþingi**Erindi nr. P 138/1242**komudagur 12.3.2010*


Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - kyrrsetning eigna - 386. mál, þskj. 694.


Ríkisskattstjóri hefur þann 2. mars 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 386. mál, þskj. 694 - kyrrsetning eigna.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlits- og fullnustuheimildir verði auknar þannig að skatransóknarstjóri ríkisins fái heimild til að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar hjá því embætti. Samskonar frumvarp var lagt fram á 137. löggjafarþingi en var ekki fullrætt. Í athugasemdum kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að bregðast við hættu á undanskotum eigna sem skapast getur vegna þess hversu langan tíma málsmeðferð vegna ætlaðra skattalagabrota getur tekið.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrun Jenny Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/1136
komudagur 8.3.2010

5. mars 2010
Dags. yðar: 2. mars 2010
SI-61512

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 386. mál.

Með tölvupósti dags. 2. mars 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að því sé ætlað að auka við eftirlits- og fullnustuhemildir stjórnvalda, meðal annars til kyrrsetningar. Þá segir að frumvarpið hafi verið lagt fram á 137. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Frumvarpið sé nú lagt fram að nýju með breyttu sniði þar sem tekið er mið af athugasemdum sem gerðar voru við fyrra frumvarpið við meðferð þess á þinginu.

Seðlabanki Íslands tjáir sig ekki um frumvarpið þar sem efni þess snýst um réttarfarsatriði sem ekki snerta verksvið bankans, enda virðist bankinn ekki hafa verið beðinn um umsögn þegar frumvarpið var fyrst lagt fram á 137. löggjafarþingi.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1249
komudagur 15.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, 386. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2010.

Tollstjóri hefur móttengið erindi Allsherjarnefndar Alþingis dags. 2. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, um kyrrsetningu eigna.

Tollstjóri telur að úrræði það sem lagt er til í frumvarpinu sé til þess fallið að tryggja betur greiðslur opinberra gjalda og ljóst sé að með því að heimila kyrrsetningu eigna á rannsóknarstigi hjá skattrannsóknarstjóra til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar munu líkur aukast verulega á innheimtu skatta og gjalda.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1259
komudagur 16.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (386. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um heimildir til handa skattrannsóknarstjóra til að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila.

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um fyrri útgáfu ofangreinds frumvarps þegar það var lagt fyrir alþingi í ágúst 2009. Við endurskoðun frumvarpsins var tekið mið af hluta af þeim athugasemdum sem ráðið gerði og er lýst ánægju með það og þeim jákvæðu breytingum sem hafa orðið á frumvarpinu í heild. Viðskiptaráð gerir þó athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins og ítrekar einnig þær sem ekki var tekið mið af við endurskoðun þess.

Það er mat Viðskiptaráðs að bæði eðlilegt og nauðsynlegt sé að opinberar eftirlits- og rannsóknarstofnanir hafi þau úrræði sem þurfa til að markmiðum í starfsemi þeirra sé náð. Hvað þetta frumvarp varðar þá er mikilvægi þess fyrir ríkissjóð og samfélagið í heild að skattaðilar standi skil á lögbundnum álögum augljóst. Er það algjörlega óháð skoðun manna á því hvernig haga skuli hlutfalli, fyrirkomulagi og ráðstöfun skattheimtunnar.

Þó svo kyrrsetning eigna skattaðila sem skattrannsókn beinist að geti vissulega verið mikilvægt úrræði til að tryggja skattheimtur þá verður kyrrsetning, líkt og allar aðrar valdheimildir opinberra stofnanna, að vera í samræmi við kröfur réttarríkisins. Í því felst einkum að við slíkum heimildum eru reistar tilteknar skorður svo ekki sé gengið um of á réttindi þeirra er rannsókn beinist að, t.a.m. stjórnarskrárvarinn eignarétt.

Viðskiptaráð ítrekar fyrri athugasemdir sínar um forsendur að baki kyrrsetningu eins og sett er fram í frumvarpinu. Það er mat ráðsins að kyrrsetningu, að teknu tilliti til krafna réttarríkisins, verði aðeins beitt sé rökstuddur grunur um brot, en ekki aðeins grunur líkt og segir í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessum orðalagsmun liggur grundvallarbreyting á þeim kröfum sem gerðar eru til beitingar viðkomandi stofnunar á umræddri valdheimild. Sönnunarfærsla stofnunarinnar þarf að vera sterkari og með því eru réttindi þess er rannsókn beinist að betur varin. Heimildir skattrannsóknarstjóra til að hefja rannsókn á skattaðila þarf einungis að byggja á grun en ekki gerð krafa um rökstuddan grun. Eðli málsins samkvæmt verður að gera ríkari kröfur til valdheimilda umfram heimild til að hefja rannsókn og verður því ekki séð að sú valdheimild sem í kyrrsetningu felst verði sett undir sama hatt og rannsóknarheimild skattrannsóknarstjóra. Ríkari kröfur verður að gera til beitingar slíkrar valdheimildar.

Ríkari kröfur um sönnun eru jafnframt eðlilegar í ljósi þess að kyrrsetningu getur einnig verið beitt gagnvart aðilum sem skattrannsókn beinist ekki að, en bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra sem rannsóknin beinist að. Heimild frumvarpsins til að veita kyrrsetningu á ábyrgðaraðila skattgreiðslna

gengur lengra en þær heimildir sem fyrir eru í lögum um kyrrsetningu. Lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu gera aðeins ráð fyrir að skuldari geti sætt kyrrsetningu, sbr. 5. gr. Í ofangreindu frumvarpi er því um mjög rúma heimild að ræða þar sem henna er ætlað að ná til fleiri aðila en ætlaðs skuldara. Ekki eru færð sérstök rök fyrir ástæðu útvíkkunar heimildar sem til staðar er og að rík ástæða sé að baki. Gera verður þá kröfu til eins ríkra heimilda og í frumvarpi þessu felst að ekki sé farið út fyrir það sem getur talist eðlilegt og rétt.


Hér kemur líka til álita að skattrannsóknarstjóri þarf ekki, skv. frumvarpinu, að setja tryggingu fyrir hugsanlegri greiðslu bóta til viðkomandi falli rannsókn niður eða feli niðurstaða hennar í sér að engin brot hafi verið framin.

Athugasemd verður einnig að gera við að ekki er gert ráð fyrir tímaramma við beitingu kyrrsetningar í frumvarpinu. Kyrrsetning er mjög umfangsmikið úrræði og sérstaklega þegar heimild er eins rúm og frumvarp þetta ber með sér. Verður að gera þá kröfu að úrræðum sem þessum sé beitt innan eðlilegra og skynsamlegra marka og að takmörkun sé á beitingu slíkra úrræða. Eðlilegt væri að tímamörk eða takmörkun að því tagi kæmu fram til að tryggja að beiting úrræðis fari ekki úr hófi fram.

Að lokum telur ráðið að skoða þurfi frekar hvort yfirleitt sé þörf á kyrrsetningarheimild í lögum um tekjuskatt. Slíkri heimild er til að dreifa í lögum um kyrrsetningu nr. 31/1990 og jafnframt í lögum um sakamál nr. 88/2008. Líkt og bent hefur verið á í almennri umræðu um heimildir til kyrrsetningar, þá getur skattrannsóknarstjóri leitað atbeina lögreglu leiki grunur á um brot og krafist kyrrsetningar ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan þó rannsókn sé enn í fullum gangi.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands